Tekjur			1.570.000			1.229.000
Mismunur	Ágóði		528.000			- 173.000


Verkbættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
	Endanlegar áætlanir ekki fyrirbyggjandi.	M.a. Eftirlit með vorflóðum. Sprunguleit með VLF. 3 kjarnaborholur. Jarðgrunnskortlagning og byggingarefnisleit. 3 skýrslur um rannsóknir 1982.

 ORKUSTOFNUN Vatnsorkudeild	VERKNÚMER 633.2 (631.3)
ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1983	
Heiti verks: staður Blönduvirkjun - líkantilraunir	
Markmið Verksala vegna virkjanalíkana.	
Verkefnisstjórn Björn Erlendsson	

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Endurinnheimt						497.000
Ótilgreint						10.000
ALLS						507.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
Straumfræðistöð	102	8.000	816.000	162,9	8.180	1.332.000
ALLS	102	8.000	816.000	162,9	8.180	1.332.000
Heildar kostnaður			816.000			1.839.000
Tekjur			1.020.000			1.523.000
Mismunur	Ágóði		204.000			- 316.000


Verkbættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
631.2	Botnrás v. Reftjarnarbungu.	Gerð líkön og umbeðnar tilraunir með þau.
631.3	Lökuvirki v. Kolkuhól.	
631.2	Yfirfall v. Reftjarnarbungu.	

 ORKUSTOFNUN Vatnsorkudeild	VERKNÚMER 633.1 (631.1)
ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1983	
Heiti verks: staður Blönduvirkjun við Eišsstaði.	
Markmið Verksala vegna undirbúnings virkjunar.	
Verkefnisstjórn Björn A. Harðarson	

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Bílar			150.000			96.000
Óskilgreint			15.000			80.000
						185.000
ALLS			165.000			361.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
		8.000				
Landmælingar	7	—	56.000	7,2	7.350	53.000
Mannvirkjagerð	24	—	192.000	103,7	8.524	884.000
Jarðfræðik.	34	—	272.000			
ALLS	69	8.000	552.000	110,9		937.000
Heildar kostnaður			717.000			1.298.000
Tekjur			1.180.000			
Mismunur	Ágóði		463.000			


Verkþættir	Áætlun	Árangur. (verkstaða)
Útboðsrannsóknir	Vinna Straumfræðistöðvar er talin sér. Endanlegar áætlanir ekki fyrirbyggjandi.	Útborðsrannsóknir skv. verksamningi lokið að mestu með skýrslu í desember 1983.

 ORKUSTOFNUN Vatnsorkudeild	VERKNÚMER 632 (630)
<h2>ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1983</h2>	
Heiti verks: staður Blanda neðan virkjunar	
Markmið Verksala vegna rannsókna á farvegi Blöndu neðan virkjunar.	
Verkefnisstjórn Skúli Víkingsson	

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Bílakostnaður						64.000
Endurinnheimt						3.000
ALLS						67.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
Samkostnaður				0,6	8.270	5.000
Vatnamælingar				4,3	6.680	29.000
Jarðfræðikortl.				11,2	9.430	106.000
Umhverfisarann.				0,7	8.880	6.000
ALLS				16,8		146.000
Heildar kostnaður						213.000
Tekjur						
Mismunur						


Verkbættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
		Vatnamælingar: Komið var fyrir 7 vatnshæðarmerkjum og mælt nokkrum sinnum á þeim auk gamalla merkja. Hins vegar náðist ekki að mæla þversnið eins og til stóð. Landmælingar: (LV) Þversnið (á þurru) hafa verið mæld við vatnshæðarmerkin þar sem við á, önnur einungis mæld inn, niðurstöður væntanlegar. Landmótun: Sýnataka og önnur merkurvinna gekk eins og til stóð. Unnið er að úrvinnslu. 37 sýni í sigtun.

	ORKUSTOFNUN Vatnsorkudeild	VERKNÚMER 499 o.fl.
<h2 style="margin: 0;">ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRÍÐ 1983</h2>		
Heiti verks: staður <p style="text-align: center;">Ýmis söluverk.</p>		
Markmið <p style="text-align: center;">Verksala til ýmissa aðila.</p>		
Verkefnisstjórn Guttormur Sigbjarnarson/Gunnar Þorbergsson o.fl.		

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Ýmislegt			100.000			250.000
ALLS			100.000			250.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
Samkostnaður	14	8.000	112.000	3,6	8.330	30.000
Vatnamælingar	4	—	32.000	1,6	6.875	11.000
Landmælingar	46	—	368.000	28,3	7.350	208.000
Mannvirkjagerðarfr.	27	—	216.000	24,9	8.510	212.000
Jarðfræðikortl.	31	—	248.000	28,5	9.440	269.000
Umhverfissranns.	54	—	432.000	1,1	9.080	10.000
Verk og vatnafr.	1	—	8.000	4,9	9.800	48.000
ALLS	177	8.000	1.416.000	92,9	8.482	788.000
Heildar kostnaður			1.516.000			1.038.000
Tekjur			1.618.000			
Mismunur	Ágóði		102.000			


Verkbættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
441 Hitaveita Suðurnesja 474 Kísilmálmv. 499 Ýmis verk 413 Vegagerð 424 Bolungarvík 111 Skeifan 684 Krafla 468 Reykjav.höfn 894 Hólmsberg o.fl.		Ýmis verk. Flest smá einkum á sviði jarðgrunnsborana, byggingarefnisleitar, neyzluvatnsöflunar, mannvirkjagerðar, landmælinga o.fl.

 ORKUSTOFNUN Vatnsorkudeild	VERKNÚMER 411
<h2>ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1983</h2>	
Heiti verks: staður Vita-og hafnarmálaskrifstofan	
Markmið Verksala vegna hafnalíkana.	
Verkefnisstjórn Björn Erlendsson	

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
ALLS						

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
Straumfræðistöð	54	8.000	432.000	51,7	8.180	423.000
ALLS			432.000	51,7	8.180	423.000
Heildar kostnaður			432.000			423.000
Tekjur			540.000			761.000
Mismunur	Ágóði		108.000			338.000

Verkbættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
		Unnið skv. verksamningi

 ORKUSTOFNUN Vatnsorkudeild	VERKNÚMER 401-403 (893 og 896)
ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRÍÐ 1983	
Heiti verks: staður Aðrar deildir OS	
Markmið Þjónusta við aðrar deildir	
Verkefnisstjórn Gunnar Þorbergsson	

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Uppihald						49.000
Bílakostnaður						32.000
Mælitæki						1.000
Bílaleiga						18.000
ALLS						100.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
Samkostnaður				1,9	8.420	16.000
Landmælingar				31,3	7.350	230.000
ALLS				33,2		246.000
Heildar kostnaður						346.000
Tekjur						
Mismunur						

Verkþættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
401 SSD		8.000 kr.
403 JHD		8.000 kr.
893 JHD-Hengill		243.000 kr.
896 JHD-Tröllad.		87.000 kr.
		<u>346.000 kr.</u>
		Innmælingar fastmerkja. Hæðar- og lengdarbreytingar lands. Þyngdarkort af Hengilssvæði.

RITSKRÁ VATNSORKUDEILDAR 1983

Ritum er hér raðað eftir númerum verkefna 1983. Fagverk hafa númer 300-399; deildarverk, virkjanir númer 510-899; ýmis deildarverk númer 900-999; söluverk vegna virkjana 510-899; ýmis söluverk númer 400-499. Innan hvers númers eru skýrslur (A-skýrslur) settar fyrstar, en síðan bráðabirgðaskýrslur og skilagreinar (B-skýrslur). Þessum skýrslum er svo raðað eftir skráðum útgáfumánuðum. Þetta er nokkuð önnur röðun en í uppgjöri 1982 (OS-83032/VOD-15 B). Þar var raðað fyrst eftir flokkun verkefna og innan hvers númers eftir verkum. Hér er farið eftir skrá, sem Páll Ingólfsson, útgáfustjóri Orkustofnunar, tók saman.

FAGVERK:

305 Áætlanir

OS-83045/VOD-04 Júní 1983

UNDIRBÚNINGUR VATNSAFLSVIRKJANA.

MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Jón Ingimarsson, Birgir Jónsson, Davíð Egilson
og Freysteinn Sigurðsson.

(Önnur útgáfa)

OS-83030/VOD-13 B Apríl 1983

VERKEFNA- OG FJÁRHAGSÁÆTLUN VATNSORKUDEILDAR
FYRIR ÁRIÐ 1983

OS-83032/VOD-15 B Apríl 1983

VERKEFNA- OG FJÁRHAGSUPPGJÖR VATNSORKUDEILDAR
FYRIR ÁRIÐ 1982

332 Borholumælingar (verður 331) framvegis)

OS-83022/VOD-12 B Mars 1983

KVER MEÐ FRÓÐLEIKSMOLUM UM VATNAJARÐFRÆÐI,
DÆLUPRÓFANIR OG LEKTUN

Arni Hjartarson, Birgir Jónsson, Davíð Egilson,
Jón Ingimarsson, Snorri Zóphóníasson

og Þórólfur H. Hafstað

335 Sprunguleit (verður 337 og 334 framvegis)

OS-83038/VOD-19 B Maí 1983
VLF-MÆLINGAR OG ÚRVINNSLUADFERÐIR
Þorsteinn Egilson

341 Grunnvatn

OS-83067/VOD-32 B Júlí 1983
EFNAGREININGAR Á KÖLDU VATNI
Erla Halldórsdóttir

351 Aurburður

OS-83016/VOD-01 Mars 1983
BERGFLOKKUN OG EÐLISMASSI AURS
Svanur Pálsson og Elsa G. Vilmundardóttir

365 Rennslislíkön, rennslisspár

OS-83052/VOD-25 B Júní 1983
VEÐURSTÖÐVAR OG SKRÁNINGARTÆKI
Álit vinnuhóps á Vatnsorkudeild

366 Rennslisraðir

OS-83046/VOD-05 Júní 1983
ATHUGUN Á FRAMLENGINGU RENNSLISRAÐA
Verkfræðistofan Vatnaskil hf.
(Unnið fyrir Orkustofnun)

ÝMIS SÖLUVERK

419 Náttúruverndarráð

OS-83055/VOD-27 B Júní 1983
ORSAKIR VATNSBORÐSHÆKKUNAR GRÆNAVATNS
OG MÝVATNS VIÐ GARÐ
Guttormur Sigbjarnarson
(Unnið fyrir Náttúruverndarráð)

424 Bolungarvík

OS-83091/VOD-34 B Október 1983
BOLUNGARVÍK. KÖNNUN Á LAUSUM JARÐLÖGUM
Skúli Víkingsson

441 Hitaveita Suðurnesja

OS-83041/VOD-20 B Maí 1983
HÆÐARMÆLINGAR Í NÁGRENNI SVARTSENGIS FYRIR
HITAVEITU SUÐURNESJA
Gunnar Þorbergsson og Ásgeir Gunnarsson

468 Reykjavíkurhöfn

OS-83112/VOD-40 B Desember 1983
VIÐEYJARSUND OG NÁGRENNI. JARÐFRÆÐILEG
SAMANTEKT
Árni Hjartarson og Sigbjörn Guðjónsson

472 Kísiliðjan

OS-83118/VOD-10 Desember 1983
KÍSILIÐJAN VIÐ MÝVATN. GRUNNVATNSRANNSÓKNIR
Þóroddur F. Þóroddsson og
Guttormur Sigbjarnarson
(Unnið fyrir Kísiliðjuna hf.)
Viðauki I: Hæðarmæling fyrir Kísiliðjuna 1981
Ásgeir Gunnarsson og Gunnar Þorbergsson
Viðauki II: Fluorescein greiningar
Jón Ólafsson

474 Kísilmálmverksmiðjan

OS-83109/VOD-38 B Desember 1983
BORUN Í SÓMASTAÐAGERÐI, REYÐARFIRÐI
Oddur Sigurðsson

479 Ýmsir einkaaðilar

OS-83001/VOD-01 B Janúar 1983
VERNDUN VATNSBÓLA ÍSAL Í STRAUMSVÍK
Freysteinn Sigurðsson
(Unnið fyrir Íslenska Álfélagið h.f.)

OS-83043/VOD-22 B Maí 1983
MALARNÁM Í LANDI ESJUBERGS
Skúli Víkingsson
(Könnun unnin fyrir Steypustöðina hf.)

OS-83050/VOD-24 B Júní 1983
MALARNÁM Í LANDI MÓA
Skúli Víkingsson
(Könnun unnin fyrir Steypustöðina hf.)

481 Staðarvalsnefnd

OS-83007/VOD-03 B Febrúar 1983
STAÐARVAL STÓRIÐJU VIÐ REYKJAVÍK. JARÐFRÆÐILEG
FORKÖNNUN Á HUGSNLEGRI VERKSMIÐJULÓÐ Á GELDINGANESI
(Unnið fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur
af vinnuhópi Vatnsorkudeildar)

OS-83020/VOD-11 B Mars 1983
STAÐARVAL STÓRIÐJU VIÐ EYJAFJÖRÐ
Jarðfræðileg forkönnun á hugsanlegri verksmiðjulóð
að Dysnesi í Arnarneshreppi
(Unnið fyrir "Staðarvalsnefnd um iðnrekstur"
af vinnuhóp Vatnsorkudeildar)

VIRKJUNARRANNSÓKNIR

(Deildar- og söluverk)

550 Vestfirðir

OS-83039/VOD-03 Maí 1983
ÖRYGGI Í RAFORKUMÁLUM Á VESTFJÖRDUM
Orkustofnun, Verkfræðistofa Helga Sigvaldasonar hf.
og Almenna Verkfræðistofan hf.

585 Ófeigsfjarðarheiði

OS-83012/VOD-07 B Febrúar 1983
ÓFEIGSFJARÐARHEIÐI. FORATHUGUN Á VIRKJUNARKOSTUM
Hörður Svavarsson og Kristinn Einarsson

631 Blönduvirkjun

OS-83008/VOD-4 B Febrúar 1983
BLÖNDUVIRKJUN. RANNSÓKNIR Á
SETBERGI Á JARÐGANGALEIÐUM
Bjarni Bjarnason.

OS-83009/VOD-05 B Febrúar 1983
BLÖNDUVIRKJUN. FALLGÖNG OG STRENGJAGÖNG.
BERGTÆKNI
Björn A. Harðarson

OS-83017/VOD-10 B Mars 1983
BLÖNDUVIRKJUN. JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR 1982
STÍFLUSTÆÐI OG SKURÐLEIÐIR.
Ágúst Guðmundson.
Viðauki: Snorri Zóphóníasson

OS-83033/VOD-16 B April 1983
BLANDA HYDROPOWER PROJECT. ENGINEERING
GEOLOGY OF PROPOSED UNDERGROUND WORKS.
SUMMARY
(Prepared for Landsvirkjun)

OS-83056/VOD-28 B Júlí 1983
PRÍHYFNINGANET OG HÆÐARNET VIÐ BLÖNDU 1982
Gunnar Þorbergsson

OS-83115/VOD-42 B Desember 1983
BLÖNDUVIRKJUN. JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR 1983
Björn A. Harðarson og Gísli Guðmundsson
VIÐAUKI: Gryfjulýsingar (VST)

645 Jökulsá eystri í Skagafirði

OS-83110/VOD-39 B Desember 1983
MÆLINGAR Á HOFSAFRÉTT OG Í SKAGAFIRÐI 1983
Gunnar Þorbergsson og Guðmundur Vigfússon

730 Jökulsá á Dal

OS-83072/VOD-06 September 1983
HREINDÝRARANNSÓKNIR 1979-1981, LOKASKÝRSLA
Skarphéðinn Þórisson, Náttúrufræðistofnun
Íslands
(Unnið fyrir Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins)

OS-83073/VOD-07 September 1983
FÆÐA OG BEITILÖND ÍSLENSKU HREINDÝRANNA
Kristbjörn Egilsson, Náttúrufræðistofnun
Íslands.
(Unnið fyrir Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins)

OS-83074/VOD-08 September 1983
ÁHRIF FYRIRHUGADRA VIRKJANA Á AUSTURLANDI Á
HREINDÝR OG BEITILÖND ÞEIRRA
Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson,
Náttúrufræðistofnun Íslands
(Unnið fyrir Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins)

OS-83090/VOD-33 B Október 1983
JARÐGRUNNUR Á JÖKULDAL. FORKÖNNUN
Freysteinn Sigurðsson og Sigbjörn Guðjónsson

OS-83095/VOD-35 B Nóvember 1983
BRÚARJÖKULL OG DYNGJUJÖKULL. ÁÆTLUN UM
ÍSSJÁRMÆLINGAR
Kristinn Einarsson og Þorbergur Þorbergsson

760 Fljótsdalsvirkjun

OS-83004/VOD-02 B Febrúar 1983
LANDMÆLINGAR VEGNA JARÐFRÆÐIRANNSÓKNA
Á FLJÓTDALSHEIÐI 1982
Ingvar Þór Magnússon og Gunnar Þorbergsson

OS-83010/VOD-06 B Febrúar 1983
FLJÓTDALSVIRKJUN. BYGGINGAREFNISRANNSÓKNIR 1982
Sigurbjörn Guðjónsson

OS-83060/VOD-30 B Júlí 1983
FLJÓTDALSVIRKJUN.
HLJÓÐHRAÐAMÆLINGAR 1982
Halína Bogadóttir

OS-83102/VOD-37 B Desember 1983
LANDMÆLINGAR VEGNA JARÐFRÆÐIRANNSÓKNA
Á FLJÓTDALSHEIÐI 1983
Gunnar Þorbergsson

832 Markarfljót

OS-83031/VOD-14 B Apríl 1983
LANDMÆLINGAR VEGNA KORTA Í MÆLIKVARÐA 1:20000
VIÐ MARKARFLJÓT OG SIGÖLDU
Gunnar Þorbergsson

OS-83044/VOD-23 B Júní 1983
MARKARFLJÓT. FCRKÖNNUN Á JARÐFRÆÐI
Snorri P. Snorrason og Freysteinn Sigurðsson

OS-83054/VOD-26 B Júní 1983
MARKARFLJÓT - LÓNAFYLLUR OG GJÓSKULÖG
Ingibjörg Kaldal og Elsa G. Vilmundardóttir

841 Neðri-Þjórsá

OS-83034/VOD-17 B Apríl 1983
NEÐRI-ÞJÓRSÁ. RANNSÓKNIR SUMARIÐ 1982
Arni Hjartarson

OS-83100/VOD-36 B Nóvember 1983
NEÐRI-ÞJÓRSÁ. LANDMÆLINGAR OG BORRÓ- OG
COBRABORANIR 1982-1983
Árni Hjartarson, Guðmundur Vigfússon
og Gunnar Þorbergsson

845 Búrfell

OS-83059/VOD-29 B Júlí 1983
BÚRFELL II. AÐRENNSLISSKURÐUR OG
STÖÐVARHÚSSGRUNNUR. KJARNABORUN 1983
Bjarni Bjarnason

846 Sultartangi

OS-83014/VOD-08 B Febrúar 1983
SULTARTANGAVIRKJUN. JARÐFRÆÐI - GRUNNVATNSRANNSÓKNIR
Á SVÆÐI JARÐGANGA OG STÖÐVARHÚSS Í SANDAFELLI 1982
Björn Jónasson, Jón Ingimarsson og Pétur Pétursson
(Unnið fyrir Landsvirkjun)

OS-83015/VOD-09 B Mars 1983
SULTARTANGAVIRKJUN. FRÁRENNSLISSKURÐUR Á HAFI. KÖNNUN
Á GRUNNVATNI, LEKT OG VINNSLUEIGINLEIKUM JARÐLAGA
Björn Jónasson, Jón Ingimarsson og Pétur Pétursson
(Unnið fyrir Landsvirkjun)

OS-83036/VOD-18 B Apríl 1983
SULTARTANGAVIRKJUN. BROTSTYRKUR BERGS Á
JARÐGANALEIÐUM Í SANDFELLI.
Björn A. Harðarson
(Unnið fyrir Landsvirkjun)

SÖLUVERK

894 Hólmsberg

OS-83114/VOD-41 B December 1983
HÓLMSBERG. BORHOLES B-11 AND B-12
Snorri Zóphóniásson

ÝMIS DEILDARVERK

931 Vatnsafl Íslands

OS-83068/VOD-31 B Júlí 1983
NÝTANLEGT VATNSAFL Á ÍSLANDI
Haukur Tómasson

933 Rennslisspár

OS-83081/VOD-09 Október 1983
RENNSLISGREINING OG LENGING RENNSLISRAÐA.
TÖLFRÆÐILEG AÐFERÐAFRÆÐI
Árni Snorrason

952 Nýting innlendra orkugjafa

OS-83035/VOD-02 Apríl 1983
NOTKUN RAFSKAUTSKATLA Í FISKIMJÖLSVERKSMIÐJUM
Rafhönnun hf. Verkfræðistofa, Verkfræðistofa Helga
Sigvaldasonar hf. og Orkustofnun
Gefið út af Orkustofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins,
Rafmagnsveitum ríkisins og Síldarverksmiðjum ríkisins.

954 Raforkukerfi

OS-83042/VOD-21 B Maí 1983
LAUSLEG ATHUGUN Á ÁHRIFUM RAFORKUSAMNINGS VIÐ ISAL
Á RAFORKUVERÐ LANDSVIRKJUNAR TIL ALMENNINGSVEITNA
Jón Vilhjálmsson

VATNAMÆLINGAR

Starfsvið

Að annast alhliða athuganir og mælingar á vatnsrennsli landsins.

Aðalverkefni:

1. Byggja vatnshæðarmælistöðvar og annast samfelldan rekstur þeirra.
2. Gera rennslismælingar hjá vatnshæðarmælum og samanburðarmælingar í nálægum vatnsföllum.
3. Koma mæliniðurstöðum í nothæfar skýrslur og aðgengileg rit fyrir stofnanir og almenning.
4. Auk hinna kerfisbundnu mælinga falla undir verkefni Vatnamælinga: Dýptar mælingar stöðuvatna, mælingar á jökulhlaupum o.s.frv. Ennfremur rennslisspár, sem innan tíðar mun vafalítið fá á sig fastmótað form og teljast þá til hinna kerfisbundnu verka.

Starfslið

Forstöðumaður Vatnamælinga: Stjórnun og skýrslugerðir.

Vatnafræðingur: Nýjungar í vatnafræðum og skýrslugerðir.

Kerfisfræðingur: Forritun.

Fjórir vatnamælingamenn: Rennslismælingar, vhm-mælæftirlit.

60 gæslumenn út um land (hluta-störf).

Skrifstofustörf og sumarvinna, alls 2-3 ársverk.

Verkefni 1983

Verkefnin voru með líku sniði og undanfarin ár:

Eftirlit með vatnshæðarmælum. Að vetrinum meðan ís spennti upp vatnsstöðuna var rennslið mælt undir ísnum. Notaður var vélrífinn ísbor.

Að sumrinu hlúð að mælistöðum, þær málaðar og haldið við.

Rennslismælingar gerðar til að endurbæta lykka. Samanburðar mælingar aðallega á þremur svæðum: Við Jökulsá á Dal, á hálendinu suður af Skagafirði og við Síðuvötn.

Verkefni næsta árs:

Gagnasöfnun og útgáfa með líku sniði og áður. Lögð verður áhersla á samanburðarmælingar. Ákveðið verkefni er: að leitast við að koma mælinákvæmnismörkum þ.e.a.s. skekkjumörkum á tölvutækt form.

Mælinganetið styrkt. Leitast verður við að styrkja mælinganetið. Göp eru við vestanverðan Eyjafjörð, í Vestur-Húnavatnssýslu, á Snæfellsnesi og í Kjósinni. Stefnt er að því að þrjúna í þessi göt á tveimur næstu árum, svo að heilsteypt afrennslismynd fáiast.

LANDMÆLINGAR

Verksvið

Að sjá um allar nauðsynlegar landmælingar fyrir Orkustofnun og úrvinnslu þeirra. Vegna kortagerðar í mælikvarða 1:20.000 eru mæld þríhyrninganet og hæðanet, sem síðar eru notuð við kortagerð í stærri mælikvarða og við staðsetningu mannvirkja á virkjunarsvæðum. Önnur verkefni eru mörg. Nokkur almenn tölvuþjónusta er veitt.

Starfslið

Auk deildarstjóra er mælingamaður og kerfisfræðingur á deildinni. Lausráðinn jarðeðlisfræðingur var á deildinni 1983, og væri æskilegt að halda honum.

Verkefni 1983

Mælt var vegna kortagerðar í mælikvarða 1:20.000 á Jökuldalsheiði, á Fljótsdalshéraði, í Skagafirði, á Þjórsársvæði (LV) og í Þingeyjarsýslum (RALA). Mælt var vegna jarðfræðirannsóknna á Fljótsdalsheiði og við Neðri-Þjórsá.

Lengdarmælingar og hæðarmælingar til að fylgjast með gliðnun lands voru gerðar á nokkrum stöðum í Þingeyjarsýslum. Einnig var hæðarmælt í Svartsengi og á Reykjanesi til að fylgjast með hæðarbreytingum þar.

Gert var þyngdarkort af Hengli í samstarfi við Jarðhitadeild og unnið var að gerð þyngdarkorts af landinu öllu.

Kort af Eyvindarstaðaheiði og af Markarfljótssvæði voru teiknuð á Verkfræðistofunni HNIT hf. samkvæmt mælingum OS.

Verkefni næstu ár

Mælt verður áfram vegna kortagerðar á Þjórsársvæði, við Efri-Hvítá og sennilega víðar. Lengdarmælingar og hæðarmælingar eru fyrirhugaðar við Trölladyngju á Reykjaneskaga, og slíkar mælingar (til að fylgjast með breytingum lands vegna jarðhitavinnslu eða náttúruhamfara) fara sennilega í vöxt. Síðustu mælingar Orkustofnunar í þríhyrninganeti og hæðaneti á Fljótsdalsheiði eru fyrirhugaðar og skýrsla um þau net.

MANNVIRKJAFRÆÐIDEILD VOD 1983

Starfssvið

Mannvirkjajarðfræðideildin (MJ - VOD) er stærsta undirdeild Vatnsorku-
deildar Orkustofnunar. Verkefni hannar er að mestu jarðfræði- og
jarðtæknirannsóknir á virkjunarstöðum eftir að grunnrannsóknnum er
lokið. Mest er vinnan á verkhönnunar- og útboðsstigum, en einnig
nokkur á forhönnunarstigi og eins er fylgst með framkvæmdum á bygg-
ingarstigi. Deildin starfar í nánú samstarfi við hönnuði virkjananna
og væntanlegan eiganda.

Fagið mannvirkjajarðfræði tengir saman jarðfræði og verkfræði. Á
þessu fagsviði fara fram dýrustu hlutar vettvangsrannsókna vegna
virkjana, þ.e. boranir, grunnvatnsmælingar, jarðeðlisfræðilegar mæl-
ingar, ýmsar jarðtækni- og bergtæknilegar rannsóknir ásamt ýtarlegum
efnisprófunum. Verða þessar rannsóknir og prófanir umfangsmeiri eftir
því sem nær dregur byggingarstigi. Undanfarin ár hafa verkefni Mann-
virkjajarðfræðideildar VOD að mestu verið söluverk fyrir Landsvirkjun
og er 1983 engin undantekning.

Verkefnin skiptast á eftirfarandi hátt:

Söluverk	54% eða	7,6 ársverk
Deildarverk	18% eða	2,3 ársverk
Fagverk	14% eða	1,9 ársverk
Rekstur	14% eða	1,9 ársverk

Alls 13,7 ársverk

Helstu söluverkin 1983 voru Blönduvirkjun, ýmsir virkjanakostir á
Þjórsár-Tungnaárvæðinu og Fljótsdalsvirkjun. Helstu deildarverk sem
starfsmenn í mannvirkjajarðfræði hafa unnið í 1983 eru: Jökulsá í
Skagafirði, Neðri-Þjórsá, Þjórsá-Tungnaá jarðfræðikort, Vatnsafl
Íslands auk smærri framlaga til ýmissa annarra deildarverka.

Starfslið

Starfsmannafjöldi MJ-VOD árið 1983 var:

Fastráðnir	8	sem skiluðu	8	ársverkum
Verkefnaráðnir	1	sem skiluðu	1	ársverkum
Laus og sumarráðnir	11	sem skiluðu	4,7	ársverkum

Alls	20	sem skiluðu	13,7	ársverkum

Lausráðnu starfsmennirnir, sem skila þriðjungi af vinnu MJ-VOD unnu að mestu í söluverkum. Þeir voru yfirleitt á 2-4 mánaða ráðningar-samningum og oft var mikil óvissa um áframhaldandi ráðningu. VOD þyrfti að fá leyfi til þess að verkefnaráða nokkra af þessum mönnum til lengri tíma en 4 mánaða vegna söluverkanna svo hægt sé að veita þeim meira atvinnuöryggi og halda í vanan mannskap.

Helstu verkefni

Undanfarin ár hefur mannvirkjajarðfræðideild VOD eiginlega verið rekin eins og hver önnur verkfræðistofa hvað varðar hlutfall söluverka, verksamninga, tímaskráningu og verkskil. Sama má raunar segja um sumar aðrar undirdeildir VOD. Þessi umfangsmiklu söluverk sem orðið hefur að vinna á tiltölulega skömmum tíma hafa valdið því m.a. að skipulag verka og úrvinnsla er nú mun markvissari en áður á VOD og hefur afkastageta deildarinnar aukist mjög.

Þessi stóru verk hafa einnig hjálpað mikið til við þjálfun nýrra og eldri starfsmanna og valdið því að mögulegt hefur verið að þróa ýmsar nýjar rannsóknaraðferðir, auk þess sem Vatnsorkudeild hefur haft nokkrar tekjur af þessum verkum.

Árið 1983 voru sem endranær unnin ýmis fagverk á deildinni við þróun aðferða og söfnun upplýsinga í mannvirkjajarðfræði.

Unnið var áfram eftir kerfi frá norsku Jarðtæknistofnuninni um mat á bergi til jarðgangagerðar (334.1). Á árinu var farið til Færeyja og kerfinu beitt á basalt í jarðgöngum þar. Áður hafði farið fram samskonar vinna í flestum íslenskum jarðgöngum og á nokkrum stöðum þar sem fyrirhugað er að gera jarðgöng. Skýrslur eru væntanlegar um þetta verkefni vorið 1984.

Þá hafa farið fram bergtæknilegar prófanir í rannsóknarstofu bæði á basalti (334.3) og setbergi (334.2) frá tertíer tíma á jarðgangaleiðum frá Blönduvirkjun o.fl. stöðum. Var það verk kostað að hluta af Landsvirkjun. Basaltið var prófað á bergtæknirannsóknastofu Queens háskóla í Ontario, Kanada, en athuganir á setberginu fór fram á Orkustofnun. Skýrslur komu út 1983 um setbergið og niðurstöður úr prófunum í Kanada voru tilbúnar fyrir árslok 1983. Lokaskýrsla frá Kanada er væntanleg um mitt ár 1984.

Haldið var áfram að endurbæta lektarprófanir í borholum með tækjum sem þróuð hafa verið á deildinni á undanförunum árum. (332.1) og hafa fleygt rannsóknum fram á þessu sviði. Nú var m.a. unnið að því að auðvela mælingu á vatnsþrýstingi í prófunarbili borholunnar (332.2). Þá stóð deildin fyrir námskeiði í lektarprófun í apríl fyrir starfsmenn OS (338.3) auk fjölda gesta og var í því sambandi gefin út 130 bls. handbók um lektarprófanir (332.3).

Á árinu var unnið úr upplýsingum um endingu og borhraða mismunandi gerða af kjarnaborkrónum í mismunandi bergi (338.5). Kemur skýrsla út um könnun þessa vorið 1984.

Undanfarin ár hefur verið reynd ný aðferð við leit að vatnsleiðandi sprungum í bergi, svonefnd VLF aðferð (335.2) og urðu nokkur þáttaskil í verkinu á árinu, með skýrslu um notkun þessarar aðferðar hérlendis og gerð tölvuforrits í því sambandi. Þá hefur verið unnið að því að bera saman hljóðhraða í mismunandi jarðlögum (337.1) á ýmsum virkjunarstöðum á landinu til að auðvela túlkun á þeim stöðum þar sem rannsóknir eru skemmst á veg komnar.

Fylgst var með mannvirkjagerð við Sultartanga á árinu (338.1) til þess að bera raunverulegar jarðfræðilegar aðstæður saman við það sem gert var ráð fyrir um jarðlögin áður en framkvæmdir hófust. Skýrsla um þennan samanburð kemur út vorið 1984. Þá var unnið að því að yfirfara grunnvatnsmælingar síðustu 25 ára á Þjórsár-Tungnaársvæðinu og koma þeim inn í tölvu OS. Var þetta verk að hluta kostað af LV.

Auk þessa var unnið við ýmis smærri verk á deildinni á árinu.

Á næstu árum verður nokkuð um jarðgangagerð hér á landi og verður fylgst náið með þeim verkum af starfsmönnum deildarinnar.

JARÐFRÆÐIKORTLAGNING

Starfssvið

Yfirlitskortlagning vatnasviða og virkjunarsvæða í mælikvarða 1:50.000: Berggrunnur (fast berg og höggun), jarðgrunnur (setgrunnur, laus jarðlög), vatnafar (einkum grunnvatn og vatnajarðfræði). Nákvæmniskortlagning í stærri mælikvörðum. Leit að lausum byggingarefnum, könnun þeirra og flokkun, ásamt frekari setfræðirannsóknnum. Jarðvatns- og vatnajarðfræðirannsóknir. Jarðnytjarannsóknir, einkum á neysluvatni, orku- og iðnaðarefnum. Ýmis þjónusta á sviði setfræði og jarðvatnsfræði.

Starfslið

Auk deildarstjóra 6,6 jarðfræðingar ráðnir til lengri tíma auk 1 lausráðins. Þar af 3 einkum við berggrunnskortlagningu, 2,6 við jarðgrunnskortlagningu og byggingarefnakönnun, 1 auk deildarstjóra við jarðvatnsrannsóknir. Lausráðinn rannsóknarmaður á efnafrædistofu í hálfu starfi. Erla Halldórsdóttir, lét af störfum á árinu. Jarðefnafræðideild JHD veitir í hennar stað efnagreiningaþjónustu við VOD.

Helstu verk 1983

Fagverk: Efnagreiningar á köldu vatni og úrvinnsla þeirra; set- og jarðvatnsfræði fallvatnaseta; þróun kortastaðla fyrir kortlagningu berggrunns, jarðgrunns og vatnafars; mælingar og sýnataga úr vatnsmiklum lindum á Suðurlandi; meginrættir öskulagatímatalis á Mið-Suður-hálendinu (vatnasvið Þjórsár, Síðuvatna o.fl); neysluvatns- og jarðefnaskrár.

Deildarverk; virkjanir: Jarðfræðikortlagning á vatnasviði Þjórsár - Tungnaár (berg- jarð og vatnsgrunnar) og vatnasviði Jökulsár á Dal (einkum berggrunnur); yfirlitskönnun jarðfræði við ofanvert Skjálfandafljót; könnun lónafyllna og öskulaga á vatnasviði Markarfljóts. Önnur deildarverk: Úrvinnsla athugana á mó; skoðun surtarbrands á Vestfjörðum m.m.

Söluverk; Virkjunarrannsóknir: Ýmis þjónusta við Landsvirkjun á vatnasviði Þjórsár - Tungnaár. Önnur söluverk: Neysluvatns- og setfræðiþjónusta við ýmis sveitarfélög og aðra aðila m.m.

Helstu niðurstöður úr faqverkum: Engu verki lauk á árinu en mörgum skilaði vel áfram í gagnaöflun og úrvinnslu; svo sem jarðfræðikortastöðlun, mórannsóknnum (deildarverk), úrvinnslu efnagreininga. Standa

vonir til að ljúka ýmsum verkum 1984, eða áföngum í þeim.

Æskileg framtíðarverkefni: Framhald efnagreininga á úrkomu víðs vegar af landinu; framhald kannana á vatnsmiklum lindum; þróun og stöðlun setgreiningar; könnun megindrátta í jarðsögu ísaldarloka á Austurlandi og víðar; könnun á gerð og smíð ("strúktúr") móbergs; megindrættir öskulagátímatala á fleiri vatnasviðum; svo nokkuð sé nefnt.

UMHVERFISRANNSÓKNIR

Starfssvið

Aðalverkefni deildarinnar er að sjá til þess að nauðsynlegar umhverfISRANNSÓKNIR fari fram á stigum forrannsókna á virkjunarsvæðum, síðar - stöðum. Meiri hluti þeirra er keyptur af rannsóknarstofnunum á sviði náttúrufræða. Deildarstjóri sér um áætlun, samninga, eftirlit og útgáfu niðurstaðna þar að lútandi. Deildin sér að mestu sjálf um rannsóknir á sviði vatnalíffræði. Hún sér einnig um rekstur aurburðarrannsókna, þó þess sé að vísu í engu getið í bréfi Orkumálastjóra um stöðu deildarstjóra, að honum beri það.

Fastráðnir starfsmenn eru tveir, og tveir voru lausráðnir allt árið annar í 50% vinnu helming ársins. Einn var lausráðinn til aurburðarsýnatöku með óákveðna vinnuskildu að vetrinum.

Fagverkefni

Lengst hefur verið unnið að rannsóknum á jökulvötnum. Framan að beindist athyglin að framleiðniforsendum í jökulskotnum stöðuvötnum, en síðari ár að fosfórbúskap jökuláa. Markmiðið var að fá einhverja hugmynd um hversu mikið gæti sest til í jökullónum af fosfór, sem annars bærisk til sjávar. Niðurstöður liggja fyrir og eru til yfirvegunar.

Stefnt er að áframhaldi rannsókna á lífsskilyrðum í jökulvatni með rannsóknum á smádýralífi í jökulám, en þær rannsóknir skírskota m.a. til breytinga sem verða eftir virkjun.

Lítið var unnið í öðrum fagverkum, sem m.a. má rekja til að meira var unnið við áætlanir og kynningu vatnsorkudeildar, en ráð var fyrir gert.

Deildarverkefni

Áburðarrannsóknir voru felldar inn í deildarverkefni varðandi rof og setmyndun. Þetta hafði ekki áhrif á annað en skráningu verksins. Á árinu voru mæld rösklega 500 sýni, að 9:10 hlutum vegna eigin rannsókna. Auk hefðbundinnar söfnunar úr fjölda áa voru gerðar nokkrar botnskriðsmælingar, en úrvinnslu þeirra er ólukið. Á árinu var haldið áfram heildar samantekt á niðurstöðum rannsóknanna og er skýrsla væntanleg 1984. Eðlilegt er að í kjölfar samantektarinnar verði rannsóknaráætlun varðandi hana endurskoðuð frá grunni.

Umhverfissrannsóknir koma eðlilega inn í flest virkjunar-deildarverk. Þeim er gert skil annars staðar, og því rétt dregið á þau hér, m.a. stöðu og framhald.

Jökulsár í Skagafirði: Umhverfissrannsóknir standa yfir og mun væntanlega ljúka að mestu 1984/85.

Jökulsá á Dal: Unnið var að útgáfu hreindýraskýrslna og munu þær (3) koma út fyrir sumarið (1984). Farið var í könnunarleiðangur um svæðið í tengslum við endurskoðun virkjunarhugmynda. Í þeirri ferð var einnig safnað sýnum til rannsókna úr tjörnum og vötnum á Jökuldalsheiði. Unnið var að undirbúningi útgáfu gróðurkorta, og verður því haldið áfram auk þess sem bæta verður við kortum. Á árinu 1984 verður lokið úrvinnslu og skýrslugerð vegna náttúrufarskönnunar af innri hluta virkjunarsvæðisins, en ekki hefur verið tekin afstaða til framhaldsrannsókna.

Hvítá í Árnessýslu: Þátttaka í ýmsum athugunum sem varða breytingar á fyrri virkjunarhugmyndum. Gerð var úttekt á gróðurfari á Hvítárnesi og nágrenni í þessu skyni.

Söluverk: Staðarvalsnefnd endurgreiðir launa- og skrifstofukostnað eins starfsmanns, sem hefur athvarf á deildinni. Smávægileg þjónusta var veitt Landsvirkjun og Vegagerðinni á sviði aurburðarrannsókna, og aðstoðað var við ýmis söluverk á annarra vegum.

VERK- OG VATNAFRÆÐIDEILD

Starfssvið

Verk- og vatnafræðideild skiptist í tvær tiltölulega sjálfstæðar einingar, Straumfræðistöð annars vegar og virkjanaáætlanir og vatnafræði hins vegar. Hlutverk deildarinnar er að:

Annast líkantilraunir einkum vegna undirbúnings virkjana (Straumfræðistöð).

Skilgreina nýtingu vatnsorku á einstökum vatnasviðum.

Gera frumsamanburð á virkjanatilhögunum.

Hafa umsjón með forhönnun virkjanakosta.

Hafa umsjón með gerð rennslisraða vegna rekstrareftirlíkinga.

Annast ýmiss konar grunnvatnsrannsóknir, einkum til að meta lekt jarðlaga.

Afla almennrar þekkingar um vatnafar landsins.

Starfslíð

Á deildinni störfuðu átta manns í árslok, fjórir við Straumfræðistöð og fjórir við áætlanagerð og vatnafræði. Tveir verkfræðingar (fastráðnir) vinna við áætlanir og vatnafræði, einn jarðfræðingur (ráðinn til þriggja ára) vinnur við áætlanir og forritun, einn vatnafræðingur (fastráðinn) vinnur við rennslislíkön, almennar vatnafræðirannsóknir og forritun, tveir tæknifræðingar (fastráðnir) og einn verkfræðingur (lausráðinn) vinna við líkantilraunir, einn trésmíðameistari vinnur við líkansmíði og einn rannsóknarmaður (lausráðinn) í Straumfræðistöð. Auk þess starfaði einn stærðfræðingur við úrvinnslu aurburðarmælinga í tvo mánuði.

Helstu verkefni

Unnið var að eftirtöldum fagverkefnum

- Námskeið í lektarprófunum
- Þróun rennslislíkana
- Endurskoðun kostnaðarjafna og einingarverðs í virkjanalíkani Orkustofnunar. Þetta verkefni var langstærsta fagverkefnið. Það fólst í að endurskoða einingarverð og kostnaðarjöfnur sem voru frá 1976, auk þess sem bætt var við líkanið kostnaðarjöfnum fyrir pípur o.fl. Endurskoðun kostnaðarjafna fór að mestu fram á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f., en starfsmenn deildarinnar gerðu nauðsynlegar breytingar á líkaninu í framhaldi endurskoðunarinnar, jafnframt því sem þeir reyndu líkanið á virkjunum sem nýlega hafa verið verkannaðar, eru í útboði, byggingu eða rekstri.

Deildin lagði til vinnu við eftirtalin deildarverkefni:

- Forathugun virkjana á Vestfjörðum, í Jökulsám í Skagafirði, Skjálfandafljóti, Jökulsá á Dal, Neðri Þjórsá, Efri Þjórsá og Efri Hvítá.
- Orkusparnaður í hitun húsa.
- Rennslisspárnefnd.
- Nefnd til að endurskoða aðferðir við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkukerfa og rekstur þeirra.
- Samstarfsnefnd um undirbúning virkjana.

Auk þess var unnið að ýmsum verkefnum fyrir iðnaðarráðuneytið einkum vegna orkusparnaðar og norræns samstarfs.

Deildin tók þátt í eftirtöldum söluverkefnum, sem öll voru unnin fyrir Landsvirkjun:

- Rannsóknir vegna virkjunar við Vatnsfell (mat á lekt)
- Rannsóknir vegna Kvíslaveitu (grunnvatnsrannsóknir)
- Rannsóknir vegna Sultartangavirkjunar (mat á lekt)
- Rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar (veðurfar).

Í Straumfræðistöð var unnið við eftirtalin líkön vegna Blönduvirkjunar, einnig unnið fyrir Landsvirkjun:

- Botnrás og lokuvirki við Reftjarnarbungu
- Botnrás og lokuvirki við Kolkuhól

Einn starfsmaður Straumfræðistöðvar vann eingöngu að straumfræðia-
athugunum fyrir Hafnarmálastofnun.

ORKUBÚSKAPARDEILD

Starfssvið

Meginstarfssvið deildarinnar er:

- Safna gögnum um alla þætti orkumála.
- Veita stofnunum, innlendum sem erlendum, og almenningi upplýsingar um orkumál. Gefa út rit um helstu þætti orkumála (Orkumál).
- Vinna að áætlunum um orkunotkun (Orkuspárnefnd).
- Gerð langtímaáætlana um uppbyggingu orkukerfa, þróun aðferða við mat á orkukerfum.
- Kanna hagkvæmni orkugjafa og nýtingu þeirra.

Starfslið

Á deildinni eru tveir verkfræðingar, einn fulltrúi sem ritstýrir Orkumálum og skrifstofumaður hálfann daginn sem vinnur við gagnasöfnun.

Verkefni árið 1983

Á árinu var unnið að ýmsum verkum, en þau helstu voru:

Gagnasöfnun og upplýsingamiðlun um orkumál: Verkefnið var með hefðbundnum hætti á árinu. Unnið var að tölvuvæðingu gagnasöfnunar. Ritið Orkumál kom ekki út á árinu, en það er væntanlegt fyrri hluta árs 1984.

Orkuspár: Í kjölfar viðræðna Orkuspárnefndar við fulltrúa olíufélaganna fékkst nánari greining olíunotkunar en áður. Kannadir voru möguleikar á notkun orkulíkana og tengingu raforkunotkunar við þjóðhagsstærðir, en ekki virðist mögulegt að nýta þessa hluti við gerð orkuspáa á næstunni. Farið var að huga að grundvallar endurskoðun á raforkuspá og er þá ætlunin að miða við nýja og nákvæmari greiningu notkunar sem er verið að koma á hjá rafveitum.

Starfshópur um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra (STAMOVAR): Starfshópurinn hélt 5 fundi seinni hluta ársins, en í hópnum eiga sæti tveir fulltrúar frá Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkustofnun (OBD og VV). Tekin var saman verkáætlun fyrir 1984 og var einstökum fulltrúum í hópnum falin umsjón með einstökum verkum. Í gangi eru verkefni á vegum starfshópsins á Orkubúskapardeild, Vatna- og verkfræðideild og á Vatnamælingum.

Athuganir á raforkukerfinu: Að beiðni Iðnaðarráðuneytisins var athugaður raforkusamningur við Ísal; "Lausleg athugun á áhrifum raforkusamningsins við Ísal á raforkuverð til almenningsveitna", OS-83042/VOD-21B. Urðu nokkrar umræður í fjölmiðlum um þessa athugun.

Samanburður virkjunarkosta á fyrstu rannsóknarstigum: Gerður var samanburður á virkjunarkostum til raforkuframleiðslu sem eru á fyrstu rannsóknarstigum. Áður höfðu aðallega verið bornir saman virkjunarkostir (virkjunarleiðir) sem eru við lok rannsóknarferilsins. Athugun sem þessi á að stýra rannsóknum að hagkvæmustu kostunum. Fyrri hluta árs 1984 kemur út skýrsla um þessa athugun (sjá síðar í þessu í þessu hefti).

Hagkvæmni rafskautskatla í fiskimjölsverksmiðjum: Í upphafi árs kom út skýrsla um þessa athugun og er henni þar með lokið.

Verkefni næstu ára

Stöðugt verður unnið að gagnasöfnun og upplýsingamiðlun. Starfsemi Orkuspárnefndar heldur áfram og á árinu 1984 verður unnið að endurskoðun raforkuspár. Verkefni starfshópsins STAMOVAR eru að komast á stað og mun hann starfa áfram næstu ár. Stöðugt eru í gangi ýmsar athuganir á orkukerfum. Unnið verður að orkusparnaði, hagkvæmniathugunum varðandi orkunýtingu, samanburði virkjunarkosta og fleiru.